

Tillaga velferðarráðs

Velferðarráð felur velferðarsviði að útfæra tillögu um rekstur tímabundins dagsathvarfs fyrir heimilislaust fólk með miklar og flóknar þjónustuparfir sem yrði opið í desember 2023 – febrúar 2024. Reynsla af þessari opnun yrði tekin saman til að nýta í áframhaldandi þróun úrræða fyrir þennan hóp fólks.

Greinargerð

Um væri að ræða tímabundna opnun til að fá góða vinnslu í mál en staðreyndin er sú að alltof margir notendur nýta neyðarskýli án þess að eiga húsnæðisumsókn eða eiga umsókn sem fangar ekki stuðningsþarfir þeirra. Þjónustutími væri utan opnunartíma neyðarskýla og félagsráðgjafar á miðstöðvum sem myndu sinna ráðgjöf við notendur í málaflokki heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir væru þar með fasta viðveru.